

Ísteka ehf.
Grensásvegi 8
108 Reykjavík

19. nóvember 2025
UOS2501492/K.G.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. október 2025 – Ísteka Eirhöfða

Þann 17. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Ísteka ehf. Eirhöfða. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að kanna frágang fráveitukerfis, ef til stendur að sækja um starfsleyfi á sama stað þegar núverandi starfsleyfi rennur út 2028.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað seint og barst stofnuninni þann 12. nóvember 2025. Frávik er lokið.
2. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað seint og barst stofnuninni þann 12. nóvember 2025. Frávik er lokið.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits